

Fimmtudaginn 21. september 1995.

Nr. 176/1995.

Ólafur Oddgeirsson

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Ingva Rafni Jóhannssyni

(Árni Pálsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1995. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 2.371.470 krónur með nánar tilgreindum vöxtum frá 1. maí 1990 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfur áfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Mál þetta var tekið til dóms að lokinni aðalmeðferð 20. janúar 1995. Í þinghaldi 28. febrúar 1995, sem boðað var til uppkvaðningar dóms í málinu, var eftirfarandi bókað: „Dómsorðið er lesið upp í heyranda hljóði. Lögmönnum aðila var gert viðvart um uppkvaðningu með símbréfi fyrr í dag. Þeir eru ekki mættir, og verður dómurinn sendur þeim í ábyrgðarpósti.“

Samkvæmt framansögðu var málið dæmt án málflutnings að nýju, er fimm vikur og fjórir dagar voru liðnir frá aðalmeðferð. Lögmenn aðila voru þá ekki mættir. Verður ekki talið, að fjarvera lögmanna feli í sér yfirlýsingu um, að þeir hafi talið óþarft að flytja málið munnlega að nýju. Þessi málsmeðferð er skýlaust brot á ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Af þessum sökum verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til munnlegs málflutnings og dómsuppsögu að nýju.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til munnlegs máflutnings og uppsögu dóms að nýju.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
